STJÓRNARTÍÐINDI B 133 – 2003

26. nóvember 2003 2669 Nr. 886

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. október 2003 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingarnar eru m.a. þær að ákvæði um hæð þaka á einbýlishúsum breytist, húsgerðir breytast á nokkrum stöðum, bætt er inn lóð fyrir símstöð og kvaðir um almennar gönguleiðir innan lóða falla brott.

Bæjarstjórnin hefur jafnframt þann 21. janúar 2003 og 20. maí 2003 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt nokkrar minniháttar breytingar á sama deiliskipulagi ásamt yfirlýsingu um að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þeirra.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Akureyri, 26. nóvember 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

26. nóvember 2003 Nr. 887

REGLUGERÐ

um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki á árinu 2003 fyrir þá sem eru alvarlega heyrnarskertir og daufblindir.

1. gr.

Styrkur til alvarlegra heyrnarskertra og daufblindra.

Heyrnar- og talmeinastöð veitir styrk á árinu 2003 til kaupa á samskiptahjálpartækjum fyrir alvarlega heyrnarskerta og daufblinda sem hér segir:

1. Fyrir þá sem eru eldri en átta ára og hafa tónmeðalgildi $\geq$ 70 dB og/eða talgreiningu undir 30% greiðast kr. 35.000. Þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur kaupverði tækis.

Gutenberg

2. Fyrir þá sem eru eldri en átta ára og hafa verið greindir daufblindir greiðast kr. 45.000. Þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur kaupverði tækis.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 10. mgr., sbr. 4. mgr., 37. gr. a. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. nóvember 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.